

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2015/1986****2016/EES/27/83****frá 11. nóvember 2015****um að taka upp stöðluð eyðublöð fyrir birtingu tilkynninga við opinber innkaup og um niðurfellingu  
á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 842/2011 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/665/EBE frá 21. desember 1989 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna á reglum um meðferð kærú vegna útboðs og gerðar opinberra vörukaupa- og verksamninga <sup>(1)</sup>, einkum 3. gr. a,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/13/EBE frá 25. febrúar 1992 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla um beitingu á reglum Bandalagsins um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti <sup>(2)</sup>, einkum 3. gr. a,með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu reglna um útboð og gerð samningsyfirvalda eða samningsstofnana á tilteknum verksamningum, vörusamningum og þjónustusamningum á sviði varnar- og öryggismála og um breytingu á tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB <sup>(3)</sup>, einkum 32. gr. (1. mgr.), 52. gr. (2. mgr.) og 64. gr.,með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga <sup>(4)</sup>, einkum 1. og 2. mgr. 33. gr.,með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB <sup>(5)</sup>, einkum 51. gr. (1. og 2. mgr.), 75. gr. (3. mgr.) og 79. gr. (3. mgr.),með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB <sup>(6)</sup>, einkum 71. gr. (1. og 2. mgr.), 92. gr. (3. mgr.) og 96. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þess er krafist í tilskipunum 89/665/EBE og 2014/24/ESB að auglýsa skuli opinbera vörusamninga, verksamninga og þjónustusamninga í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Í tilkynningum ætluðum til birtingar þar ættu að koma fram þær upplýsingar sem tilgreindar eru í þessum tilskipunum.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2015, 12.11.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stj. 1989, 30.12.1989, bls. 33.

<sup>(2)</sup> Stj. 1992, 23.3.1992, bls. 14.

<sup>(3)</sup> Stj. 2009, 20.8.2009, bls. 76.

<sup>(4)</sup> Stj. 2014, 28.3.2014, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stj. 2014, 28.3.2014, bls. 65.

<sup>(6)</sup> Stj. 2014, 28.3.2014, bls. 243.

- 2) Þess er krafist í tilskipunum 92/13/EBE og 2014/25/ESB að auglýsa skuli verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga á sviði vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Í tilkynningum ætluðum til birtingar þar ættu að koma fram þær upplýsingar sem tilgreindar eru í þessum tilskipunum.
- 3) Þess er krafist í tilskipun 2009/81/EB að auglýsa skuli tiltekna verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga á sviði varnar- og öryggismála í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Í tilkynningum ætluðum til birtingar þar skulu koma fram þær upplýsingar sem tilgreindar eru í þeirri tilskipun.
- 4) Þess er krafist í tilskipunum 89/665/EBE, 92/13/EBE og 2014/23/ESB að auglýsa skuli sérleyfissamninga um verk og sérleyfissamninga um þjónustu í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Í tilkynningum ætluðum til birtingar þar ættu að koma fram þær upplýsingar sem tilgreindar eru í þessum tilskipunum.
- 5) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 842/2011<sup>(1)</sup> eru sett fram þau stöðluðu eyðublöð sem kveðið er á um í tilskipunum 2004/17/EB, 2004/18/EB, 2009/81/EB, 89/665/EBE og 92/13/EBE.
- 6) Til þess að fara að tilskipunum 2014/23/ESB, 2014/24/ESB og 2014/25/ESB og til að tryggja að tilskipanir 89/665/EBE og 92/13/EBE komi að fullu til framkvæmda, er nauðsynlegt að aðlaga stöðluðu eyðublöðin sem fylgja með í viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 842/2011 og bæta við nýjum stöðluðum eyðublöðum. Í ljósi fjölda og umfangs nauðsynlegra breytinga ætti önnur reglugerð að leysa af hólmi framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 842/2011.
- 7) Komi aðildarríki tilskipunum 2014/23/ESB, 2014/24/ESB eða 2014/25/ESB til framkvæmda eða breytingunum á tilskipun 89/665/EBE eða 92/13/EBE áður en tilskilinn frestur rennur út, þ.e. 18. apríl 2016, ættu samningsyfirkvöld þess og samningsstofnanir hér eftir eingöngu að nota stöðluðu eyðublöðin sem tekin eru upp með framkvæmdareglugerð þessari, þar sem aðeins þau eru gerð með það í huga að tryggja að lagaskilyrði hinna nýju eða breyttu tilskipana séu uppfyllt.
- 8) Ekki hafa verið gerðar breytingar á tilskipun 2009/81/EB. Þar af leiðandi hafa stöðluð eyðublöð hennar einnig haldist óbreytt. Þau ætti því að nota áfram uns framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 842/2011 er felld úr gildi.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit ráðgjafarnefndarinnar um opinber innkaup.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

Samningsyfirkvöld skulu, við birtingu á tilkynningunum sem vísað er til í 48., 49., 50., 72., 75. og 79. gr. tilskipunar 2014/24/ESB í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, nota stöðluðu eyðublöðin sem sett eru fram í I., II. og III. viðauka, VIII.–XI. viðauka, XVII. og XVIII. viðauka við þessa reglugerð.

##### 2. gr.

Samningsstofnanir skulu, við birtingu á tilkynningunum, sem vísað er til í 67.–70. gr., 89., 92. og 96. gr. tilskipunar 2014/25/ESB í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, nota stöðluðu eyðublöðin sem sett eru fram í IV.–XI. viðauka, XVII. og XIX. viðauka við þessa reglugerð.

<sup>(1)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 842/2011 frá 19. ágúst 2011 um að taka upp stöðluð eyðublöð fyrir birtingu tilkynninga við opinber innkaup og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1564/2005 (Stjtíð. ESB L 222, 27.8.2011, bls. 1).

*3. gr.*

Samningsyfirvöld og samningsstofnanir skulu, við birtingu á tilkynningunum sem vísað er til í 30. gr., 52. gr. og 60. gr. (öðrum undirlið 4. mgr.) tilskipunar 2009/81/EB í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, nota stöðluðu eyðublöðin sem sett eru fram í XIII.–XVI. viðauka við þessa reglugerð.

*4. gr.*

Samningsyfirvöld og samningsstofnanir skulu, við birtingu á tilkynningunum sem vísað er til í 31., 32. og 43. gr. tilskipunar 2014/23/ESB í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, nota stöðluðu eyðublöðin sem sett eru fram í XI., XVI., XX., XXI. og XXII. viðauka við þessa reglugerð.

*5. gr.*

Samningsyfirvöld og samningsstofnanir skulu, við birtingu á tilkynningunni sem vísað er til í öðrum undirlið 4. mgr. 2. gr. d í tilskipunum 89/665/EBE og 92/13/EBE í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, nota staðlaða eyðublaðið sem sett er fram í XII. viðauka við þessa reglugerð.

*6. gr.*

Samningsyfirvöld og samningsstofnanir skulu senda eyðublöðin með rafrænum hætti til útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins, annaðhvort með Nethugbúnaðinum eNotices eða TED eSender-kerfinu.

*7. gr.*

Eftirfarandi stöðluð eyðublöð eru tekin upp:

Skrá yfir stöðluð eyðublöð

- Staðlað eyðublað 1: „Kynningartilkygning“: I. viðauki
- Staðlað eyðublað 2: „Útboðstilkynning“ II. viðauki
- Staðlað eyðublað 3: „Tilkynning um samningsgerð“: III. viðauki
- Staðlað eyðublað 4: „Reglubundin kynningartilkygning — þjónustuveitur“: IV. viðauki
- Staðlað eyðublað 5: „Útboðstilkynning — þjónustuveitur“: V. viðauki
- Staðlað eyðublað 6: „Tilkynning um samningsgerð — þjónustuveitur“: VI. viðauki
- Staðlað eyðublað 7: „Hæfismatskerfi — þjónustuveitur“: VII. viðauki
- Staðlað eyðublað 8: „Tilkynning í upplýsingaskrá kaupanda“: VIII. viðauki
- Staðlað eyðublað 12: „Tilkynning um hönnunarsamkeppni“: IX. viðauki
- Staðlað eyðublað 13: „Úrslit hönnunarsamkeppni“: X. viðauki
- Staðlað eyðublað 14: „Leiðrétting“: XI. viðauki
- Staðlað eyðublað 15: „Valkvæð fyrirframtilkynning til að tryggja gagnsæi“: XII. viðauki
- Staðlað eyðublað 16: „Kynningartilkygning — Varnar- og öryggismál“: XIII. viðauki
- Staðlað eyðublað 17: „Útboðstilkynning — Varnar- og öryggismál“: XIV. viðauki

- Staðlað eyðublað 18: „Tilkynning um samningsgerð — Varnar- og öryggismál“: XV. viðauki  
Staðlað eyðublað 19: „Tilkynning um undirverktakasamninga — Varnar- og öryggismál“: XVI. viðauki  
Staðlað eyðublað 20: „Tilkynning um breytingu“: XVII. viðauki  
Staðlað eyðublað 21: „Félagsþjónusta og önnur sértæk þjónusta — opinberir samningar“: XVIII. viðauki  
Staðlað eyðublað 22: „Félagsþjónusta og önnur sértæk þjónusta — þjónustuveitur“: XIX. viðauki  
Staðlað eyðublað 23: „Félagsþjónusta og önnur sértæk þjónusta — Sérleyfi“: XX. viðauki  
Staðlað eyðublað 24: „Tilkynning um sérleyfi“: XXI. viðauki  
Staðlað eyðublað 25: „Tilkynning um veitingu sérleyfis“: XXII. viðauki

8. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 842/2011 er felld úr gildi frá og með 18. apríl 2016.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 3. gr. gilda frá 18. apríl 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. nóvember 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---